# SETT ÞIG INN Í AÐSTÆÐUR

Einstaklings-verkefni

V A L

Á heimsíðu **Amnesty á íslandi** er að finna stutt myndbönd sem segja sögu einstaklinga - Nassima, Idris, Magai, Yasaman, Jose Adrian og Moses. Veldu eitt þeirra og ímyndaðu þér aðstæður. Skrifaðu þig inn í sögu þeirra og lýstu því sem gæti hafa gerst hjá þeim. Hvernig bregðast þau við? Bregst heimurinn við? Í hvernig samfélagi búa þau? þú getur skrifað sem sá sem brotið er á, sá sem beitir ranglætinu, frá sjónarhorni foreldra, einhvers sem stendur og horfir á eða sem fluga á vegg.

## Afurð: Frjáls - berið undir kennara.

**Viðmið um árangur:**

[ ] Ég get valið mér myndband og sett mig inn í aðstæður.
[ ] Ég get sett mig í spor annarra.
[ ] Ég get skoðað hvernig örlög einstaklinga tengjast t.d. amfélagi og stjórnmálum.

AMNESTY INTERNATIONAL

**Hæfniviðmið:**
**Að nemandi geti:**

[ ] Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
[ ] Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.